
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1987

11. árgangur.

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 1. febrúar 1987 kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarcaffi með heimabökuðum "sólarpönnukökum" á norðfirzka vísu.

Fréttaskeyti að heiman.

Mætum öll í sólskinsskapi!

Viðtakandi:

Eyþór Einarsson
Bólstaðarhlíð 66
105 Reykjavík.

Aðalfundur félagsins var haldinn 7. desember s.l. í Safnaðarheimili Bústaðakirkju. Fundurinn var mjög vel sóttur og sátu margir messu í kirkjunni fyrir fundinn. Að vanda ríkti mikil jólastemning á fundinum og ekki brugðust veitingar vaskra félagskvenna frekar en fyrri daginn. Borð svignuðu undan krásum þeirra.

Aðalfundarstörf gengu fljótt og vel fyrir sig. Úr stjórn félagsins gengu að þessu sinni þau Pálmar Magnússon, Sigþór Sigurjónsson og Gígja Guðjónsdóttir. Þeim eru hér með færðar beztu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Í þeirra stað voru kjörin í stjórn, Guðni Stefánsson, Hákon Björnsson og Halldóra Axelsdóttir og eru þau boðin velkomin til starfa. Auk þeirra sitja áfram í stjórninni Elsa Christensen formaður, Jón Guðmundsson varaformaður, Jóhanna Óskarsdóttir ritari og Ólöf Hannesdóttir gjaldkeri.

Séra Stefán Snævarr sté í pontu og ávarpaði fundinn og sagði m.a. frá gömlum jólasíðum á bernskuheimili sínu heima á Norðfirði. Góður rómur var gerður að máli séra Stefáns (Dedda Valdimars).

Jóla kort til fjáröflunar safnaðarheimilis kirkjunnar okkar heima voru boðin til sölu á fundinum og seldust þau upp.

Hér áður fyrr voru aðalfundir félagsins venjulega haldnir í nóvember. Nokkur undanfarin ár hafa fundirnir hins vegar verið haldnir þegar liðið hefur verið á jóla föstu og hefur það skapað heilmikla jólastemningu og gefist í alla staði mjög vel. Svo var um þennan fund. 67 ára félagar og eldri voru að þessu sinni sérstaklega boðnir á fundinn og væntum við þess að svo geti orðið í framtíðinni þegar um jóla- og aðalfundi er að ræða.

Athygli skal vakin á því, að Árshátíð félagsins verður haldin föstudaginn 27. marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Þegar er farið að huga að dagskrár- og skemmtiatriðum fyrir hátíðina og munum við sjá um að vandað verði til hennar eftir því sem kostur er. Norðfirðingur mun greina frá dagskrá árshátíðarinnar þegar þar að kemur.

Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með eindregið hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta.

Að endingu hvetjum við alla félagi til þess að mæta nú vel á "Sólarkaffið" þar sem framreiddar verða heimabakaðar "Sólarpönnukökur" á norðfirzka vísu og eiga saman góða stund.

Mætum öll í sólskinsskapi!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4,
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen